



Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson framkvæmdastjóri

Dags.: 15. nóvember 2019

Sendandi: Anna G. Björnsdóttir

Málsnr.: 1902011SA

Málalykill: 13.24

**Efni: Haustþing Sveitarstjórnþings Evrópuráðsins 28.-31. október 2019
Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið**



Þetta var 37. þing Sveitarstjórnarþingsins. Bæði þingið og Svæðanefnd ESB fagna 25 ára afmæli sínu í ár og Evrópuráðið sjálft 70 ára afmæli. Yfirskrift þingsins var, „Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið“. Guðmundur Ari Sigurjónsson og Bjarni Jónsson tóku þátt í þinginu, ásamt þeirri sem þetta skrifar sem er ritari íslensku sendinefndarinnar. Auk þess tók Lilja Hrund Lúðvíksdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ, þátt sem æskulýðsfulltrúi. Daginn fyrir þingið var haldinn hefðbundinn norrænn baltneskur undirbúningsfundur. Lettneska sendinefndin var gestgjafi að þessu sinni.

Undanfarin Sveitarstjórnarþing hafa einkennst af umræðum um niðurskurð vegna fjárhagsþrenginga Evrópuráðsins. Aðalskýringin á þeim var að Rússland hætti að greiða aðildargjöld til Evrópuráðsins eftir að þing ráðsins svipti fulltrúa Rússlands atkvæðisrétti í þinginu vegna innleiðingar Krímskagans og Tyrkír drógu úr greiðslum til ráðsins. Lagt var kapp á að finna diplómátíska lausn á deilunni, ekki síst með tilliti til þess að Evrópuráðið er eini evrópski samstarfsvettvangurinn sem Rússland tekur þátt í. Rússar eru aftur farnir að borga aðildargjöld sín en hinn sænski forseti sveitarstjórnarþingsins Anders Knabe lagði þó áherslu á það í skýrslu sinni fyrir á þinginu að fjárhagsvandi þingsins sé þar með ekki leystur. Mikilvægt sé að halda áfram að berjast fyrir því að þingið fái aftur 3% framlög af fjárhagsáætlun Evrópuráðsins en framlagið var lækkað fyrir nokkrum árum niður í 2,5%.

Ávarp fyrsta framkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá Austur Evrópu og forseta þings ráðsins

Nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Marija Pejčinović Burić, ávarpaði þingið og kynnti sína sýn á þau úrlausnarefni sem ráðið stendur frammi fyrir og hvernig hún ætli að bæta stjórnáslu ráðsins. Hún er önnur kona til að gegna þessari stöðu frá upphafi og fyrsti framkvæmdastjórinn frá Austur Evrópu. Hún var áður utanríkis- og varaforsætisráðherra Króatíu. Hún var kosinn í júní og tók við af Norðmanninum Thorbjörn Jagland. Þá ávarpaði forseti þings Evrópuráðsins, Lilliane Maury Pasquier, þingið en hún átti stóran þátt í að leysa stjórnunarkrísu ráðsins vegna útgöngu Rússa úr þingi ráðsins. Hún lagði áherslu á samstarf á milli þinganna tveggja, m.a. um kynjajafnréttismál og heimsmarkmiðin.

Skýrsla um sveitarstjórnarkosningar í Tyrklandi og ávarp borgarstjóra Istanbúls.

Flutt var skýrsla um sveitarstjórnarkosningar í Tyrklandi sem miklar umræður urðu um. Sérstaklega voru skiptar skoðanir tyrknesku fulltrúanna á þinginu eftir því hvort þeir fylgja flokki Erdovans eða stjórnarandstæðuflokkum. Í skýrslunni er gagnrýnt að allir stjórnarmálaflokkar hafi ekki setið við sama borð í kosningunum, en lýst yfir ánægju með tæknilega framkvæmd og þátttöku og áhuga almennings. Starfandi borgarstjóri Istanbúls, sem er andstæðingur Erdovans, ávarpaði þingið og lagði út af mikilvægi lýðræðisstarfs Evrópuráðsins í því stjórn málaástandi sem er í Tyrklandi. Hann var kjörinn með enn meiri mun í endurteknum kosningum, eftir að tyrkneskur dómstóll hafði dæmt fyrri kosningu hans ógilda. Hann sagði frá því að í Tyrklandi séu 4 milljónir flóttamanna og þar af ein milljón í Istanbúl og þessir flóttamenn hafa komið á allra síðustu árum. Evrópa verði að vinna að lausn flóttamannavandans og friði í Sýrlandi. Flóttamennirnir og stríðið í Sýrlandi séu ekki bara vandamál Tyrklands heldur líka Evrópu.

Skýrsla um stöðu staðbundins lýðræðis í Rússlandi.

Í skýrslunni er fundið að því að sveitarfélög hafi takmörkuð verkefni og ónógar tekjur, að verkaskipting á milli stjórnsýslustiga sé ekki nægilega skýr og skortur sé á samráði af hálfu ríkisins. Sömuleiðis að stjórnarandstæðuflokkar sitji ekki við sama borð og stjórnarflokkurinn í kosningum.

Breytingar á samþykktum þingsins og skerðing á málfrelsi minni ríkja?

Samþykktar voru breytingar á samþykktum þingsins til einföldunar, samræmingar og til að veita meiri sveigjanleika. Á þinginu var óvænt samþykkt breytingartillaga við framlagða tillögu þess efnis að ef tímaskortur komi í veg fyrir að hægt sé að gefa öllum, sem óska eftir að taka til máls orðið, eigi að líta til stærðar sendinefndar og hvort pólitískir samherjar hafi þegar fengið að tjá sig um málið. Fyrirsjáanlega mun þetta geta komið niður á aðgangi minni aðildarlanda til að tjá sig um mál.

Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og skortur á frambjóðendum.

Í umræðuskjali um málið er lýst vaxandi áhyggjum af því að það sé að verða sífellt erfiðara að fá hæft fólk til að bjóða sig fram. Mikilvægt sé að kanna hvort þetta sé útbreitt vandamál í aðildarríkjum Evrópuráðsins og ef svo er að leitast við að finna lausnir. Meiri kröfur séu nú gerðar til kjörinna fulltrúa og starfið krefjist meiri tíma. Það hafi leitt til valdaframsals frá kjörnum fulltrúum til embættismanna sem hafi þau áhrif að færri hæfir einstaklingar hafa áhuga á að bjóða sig fram. Lágur þóknanir dragi einnig úr

áhuga. Mörgum finnst þeir ekki fá þóknunir í samræmi við kröfur og þann tíma sem fer í starfið. Margir hafi þurft að fara í lægra starfshlutfall án þess að tekjulækkun hafi verið bætt.

Með tilkomu samfélagsmiðla hafi eðli opinberrar umræðu breyst mjög mikið. Fólk sem áður tók ekki þátt í opinberri umræðu hafi núna auðveldan aðgang til að taka þátt sem sé jákvætt að nokkru leyti en hafi líka leitt til þess að frammistaða kjörinna fulltrúa er rædd á mun gagnrýnni hátt en áður á netinu. Fólk geti skrifað hvað sem því kemur í hug, hvenær sem er. Kjörnir fulltrúi verði fyrir heiftarlegum árásum sem byggjast oft á hálf sannleika eða jafnvel falsfréttum. Það sé líka meira um að kjörnir fulltrúar verði fyrir líkamlegum árásum eða hótunum um slíkt. Vaxandi hatursumræða og öfgahygga hafa leitt til meira ofbeldis í stjórn máli í Evrópu. Meira en helmingur bæjarstjóra í Þýskalandi telja sig hafa orðið fyrir hótunum í einni eða annarri mynd. Þar sem auðveldara er að ná til sveitarstjórnarmanna verði þeir líka fyrir hótunum vegna hluta sem ríkisstjórnir bera ábyrgð á.

Það var mikil samhljómur á milli þeirra fjölmörgu sem tóku til máls undir þessum lið. Allir kvörtuðu yfir sífellt meira krefjandi starfsumhverfi, ófullnægjandi þóknunum og hótunum og ofbeldi sem þeir hafi orðið fyrir. Einstaka bentu á vinnu til úrbóta eins og þetta stuðningsefni enska sveitarfélagasambandið fyrir frambjóðendum, <https://www.local.gov.uk/our-support/highlighting-political-leadership/be-councillor>.

Þessi umræða hefur bein tengsl við 8. lið þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga og samþykkt stjórnar sambandsins á fundi sínum 25. október sl. um að vinna að viðhorfskönnun meðal kjörinna fulltrúa í samræmi við samþykkt forsætisnefndar Reykjavíkurborgar.

Snjallborgir og netöryggi.

Umræður á þinginu um þessi mál voru til undirbúnings skýrslu þingsins um Snjallborgir sem verður til umfjöllunar á þingi næsta árs.

Í umræðuskjali er rakið að Búdapest samningur Evrópuráðsins um netglæpi sé eini bindandi alþjóðasamningurinn um þetta efni¹. Hann sé jafnframt útbreiddasti samningur Evrópuráðsins þar sem 64 lönd hafi fullgilt hann og þ. á m. lönd utan ráðsins. Samningurinn var undirritaður fyrir 18 árum en síðan hefur hættan á net- og tölvuglæpum margfaldast. Evrópuráðið líti á málefni tengd gervigreind og aðgerðir til að tryggja netöryggi sem forgangsmál en hins vegar hafi staða sveitarstjórnarstigsins gagnvart þessum málum verið lítið til skoðunar. Þingið muni fjalla um fyrsta skýrslu sína um þessi mál 2020 undir yfirheitinu „Snjallborgir“. Í skýrslunni mun því verða velt upp hvernig borgir eru að hagnýta sér nýja tækni til að gerbreyta lífskilyrðum í borgum, auka lýðræði og þátttöku, gera borgir umhverfisvænni, bæta samgöngur, öryggi og mengunarvarnir.

Snjallar tæknilausnir bjóði upp á gífurlega möguleika til að nota gagnamagn til að taka betri ákvarðanir og bæta lífsgæði. Borgir geti notað gögn til að finna áhættuhópa og til að ná betur til fólks. En það þurfi líka að huga að siðferðislegum álitafnum sem tengjast þessari nýju tækni. Þar sem tækniþróunin sé svo ör þá hafi regluverkið til að vernda borgaranna ekki náð að fylgja þróuninni eftir. Borgir þurfi að sýna varkárni gagnvart

¹ the Council of Europe's Budapest Convention on Cybercrime (ETS No.185)

einkafyrirtækjum sem framleiða lausnirnar. Nokkur risafyrirtæki séu með yfirburðastöðu á markaðinum. Oft sé ekki nægilega ljóst hver eigi gögnin, geti stjórnað þeim né hverjar allar forsendurnar eru fyrir algoritmunum sem leiða fram niðurstöður.

Það séu líka stór álitæfni tengd 5G-byildingunni. Hún bjóði upp á mun hraðvirkari og öflugri vinnslu en áður hefur þekkst og hafi því í sér fólga gífurlega möguleika til að bæta líf íbúa. Sumir telji hins vegar að innleiðing tækninnar sé áhætta í sjálfa sér. Tæknin byggist á mjög flóknum hugbúnaði. Í dag séu það eingöngu örfá ríki og fyrirtæki, þ.e. fyrst og fremst í Bandaríkjunum, Taiwan, Japan og S-Kóreu sem geta framleitt grundvallareiningarnar. Það sé því stórt úrlausnarefni hvernig sé hægt að útiloka hættu á árásum og að utanaðkomandi óæskilegir aðilar geti fylgst með gögnum. Borgir þurfi að vera meðvitaðar um áhættuna, sem fylgir notkun gervigreindar og annarrar tækni, til að gera borgir snjallari. Einnig hversu langt sé siðferðilega rétt að ganga í hagnýtingu tækninnar, t.d. til að nota hana til auðgreina andlit fólks.

Austurrískur háskólaprófessor flutti kynningu undir málinu. Hann varaði við því að einræðisríki geti í gegnum 5G tæknina komist inn í gagnasöfn annarra ríkja. Hann ráðleggur stjórnvöldum í Evrópu að skipta eingöngu við evrópsk hugbúnaðarfyrirtæki sem þurfa að hlýða evrópskum stöðlum og reglum.

Í umræðum þingfulltrúa um málið kom greinilega fram að þeir hafa mjög mismunandi skilning á því hvað felst í hugtakinu „Snjallborg“ og að það þurfi að skilgreina það í væntanlegri skýrslu þingsins. Einnig kom fram að í Evrópu tengjast snjallborgir gæðum fyrir almenning, meðan Kína leggur áherslu á hagnýtingu til að stjórna þegnunum og Bandaríkin á nýsköpunarþáttinn. Fram kom að í Hollandi sé verið að vinna að meginreglum um stafræn opinber rými og að þingið ætti hafa þá vinnu til hliðsjónar.



Endurskoðaðar leiðbeiningar um borgaralega þátttöku í ákvörðunartökuferlum.

Endurskoðunarvinnan er samstarfsverkefni þingsins og vettvangs Evrópuráðsins fyrir frjáls félagasamtök². Talið var mikilvægt að endurskoða leiðbeiningarnar í ljósi tækni- og samfélagsþróunar. Samráð við félagasamtök er í forgrunni en leiðbeiningarnar eiga líka við um samráð við íbúa. Þær samráðsaðferðir sem mælt er með í leiðbeiningunum eru mjög í takt við handbók sambandsins um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa.

Önnur mál.

Auk ofangreinds voru samþykktar ályktanir og tilmæli um fólk á flóttu í eigin landi, sanngjarna dreifingu skatttekna á landamærasvæðum, notkun sveitarfélaga og svæða á tungumálum minnihlutahópa, Feneyjareglur til að styrkja og vernda störf umboðsmanna, samstarfssamning við Túnis, og um staðbundið lýðræði í Bosnía Herzegovínú.

Nánari upplýsingar um þingið og allar samþykktir þess á <https://www.coe.int/en/web/congress/37th-session>.

AGB

² Conference of INGOs